



Alþingi  
Erindi nr. P 132/1912  
komudagur 28.4.2006

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 26. apríl 2006

Tilvísun: 2006040086

50.03

Alþingi  
Nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

### Umsögn um frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands, 694. mál, heildarlög

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar frá 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar ríkislögreglustjórans um ofangreint frumvarp.

Ríkislögreglustjórinn fagnar að fram er komið frumvarp um Landhelgisgæsluna (LHG) þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk stofnunarinnar enda ljóst að margt hefur breyst á þeim tæplega fjórutíu árum sem liðin eru frá gildistöku laga 25/1967. Rétt þykir að koma á framfæri nokkrum athugasemdum um frumvarpið.

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað með almennum orðum um hlutverk LHG og m.a. tekið fram að stofnunin fari með löggæslu á hafinu. Með vísan til 6. gr. frumvarpsins og hlutverks LGH við fiskveiðieftirlit sem stofnunin sinnir sjálfstætt, hlutverks og heimilda lögreglu samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996 telur ríkislögreglustjórinn nauðsynlegt gera smávægilega breytingu á orðalagi greinarinnar. Í þessu sambandi má nefna að valdmörk staðarlögreglu takmarkast ekki við ströndina og eftirlit á hafsvæði innan hafnarmarka, sem geta verið mjög stór, er á ábyrgð og forræði hennar. Gerð er tillaga um að orðalag greinarinnar verði samræmt orðalagi 6. gr. frumvarpsins og verði svohljóðandi: *Landhelgisgæsla Íslands ..., fer með og aðstoðar við löggæslu á hafinu og ...*


Í 15. gr. er frekari útfærsla á 10. tl. 4. gr. um hlutverk LHG varðandi sprengjueyðingu og tekur einnig til verkefna sem geta verið á landi. Orðalag greinarinnar og skýringar í greinargerð eru ekki samræmi við ákvæði 3. þar sem kveðið er á um að LHG sinni verkefnum á landi í samráði við lögreglu. Ákvæðið 15. gr. sbr. 4. gr. má skilja svo sem LHG fari alfarið með þetta verkefni á landi en slíkt samræmist ekki lögreglulögum nr. 90/1996 og ákvæðum vopnalaga nr. 16/1998 sbr. t.d. 29. gr. laganna þar sem segir: *"Nú finnst sprengiefni eða hlutir, sem ætla má að hafi að geyma sprengiefni, rekið á land eða á víðavangi og skal þá finnandi, landeigandi eða ábúandi þegar tilkynna lögreglustjóra um fundinn"*. Ljóst er að forræði slíkra mála er á hendi lögreglu sem síðan getur kallað LHG til aðstoðar vegna eyðingar. Á það skal bent að lögregla hefur um áratuga skeið, til samræmis við lögbundnar skyldur sína, byggt upp sérþekkingu og tækjakost til að takast á við slík verkefni og í samstarfssamningi ríkislögreglustjóra og LHG frá 28. febrúar sl. er m.a. kveðið á um sameiginlega æfingar sprengusérfræðinga stofnananna og gagnkvæma aðstoð.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Ríkislögreglustjóri leggur til að í lok 10. tl. 4. gr. frumvarpsins sé bætt við orðalaginu "að ósk lögreglu" Ef allsherjarnefnd fellst ekki á breytingatillöguna er lagt til að í greinargerð verði umfjöllun um nefndan tölulið 4. gr. og/eða um 15. gr. þar sem þetta er skýrt frekar.

F.h. RLS

  
Steinar Adalsson

  
Jón Bjartmarz